

Gríska í 5. bekk fornmáladeild I (GRÍS1FO08) skólaárið 2025-26

Lýsing

Kenndar eru fjórar stundir í viku. Grundvallaratriði grískar beygingafræði og setningafræði eru kynnt og æfð jöfnum höndum með lestri og ritun. Nemendur læra attísku en aðrar mállyskur eru kynntar og fjallað er um bæði forsögu og framhaldslíf forngríska orðaforðans.

Námsefni:

Greek to GCSE 1, eftir John Taylor.

Ítarefni (fjölrit frá kennara).

Námsmat:

Áfangapróf eru 2-3 á hvoru misseri, ein kennslustund hvert.

Jólapróf og vorpróf eru skrifleg, 90 mínútna próf úr námsefni tilsvarendi misseris.

Hjálpargögn ekki leyfð.

Námseinkunn:

Námseinkunn samanstendur af jólaprófseinkunn (1/3), meðaltali áfangaprófa (1/3) og ástundun (mætingu, virkni í tímum og heimavinnu) (1/3).

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara